



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagur 11. mars 2011

Ákvörðun nr. 9/2011

**Breyting á ákvörðunarorðum í ákvörðun  
Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2008  
hvað varðar Kreditkort hf.**

**I.**

**Málavextir**

Samkeppniseftirlitinu barst í bréfi, dags. 9. febrúar 2011, frá Kreditkorti hf. (Kreditkort) ósk um að Samkeppniseftirlitið breytti 3. tl. 1. mgr. 3. gr. í sátt milli aðila, dags. 19. desember 2007, sem er samhljóma 3. tl. 1. mgr. 2. gr. ákvörðunarorða í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2008, *Brot Greiðslumiðlunar hf., Kreditkorts hf. og Fjölgreiðslumiðlunar hf. á bannákvæðum samkeppnislaga*. Þar er kveðið á um að stjórnarmenn Kreditkorts skuli ekki vera meðal starfsmanna eða stjórnarmanna hluthafa Kreditkorts eða meðal starfsmanna og stjórnarmanna félaga undir beinum eða óbeinum yfirráðum hluthafa félagsins svo lengi sem fleiri en eitt fjármálafyrirtæki er meðal hluthafa.

Fram kemur í bréfi Kreditkorts að Íslandsbanki hf. (Íslandsbanki) sé stærsti hluthafi og helsti lánveitandi fyrirtækisins. Færð eru fyrir því rök að nauðsynlegt sé fyrir Íslandsbanka að eiga sinn fulltrúa í stjórn bankans. [...] <sup>1</sup> Vegna 3. tl. 2. gr. ákvörðunar nr. 4/2008 sé aðkoma Íslandsbanka að rekstri Kreditkorts hins vegar takmörkuð en Íslandsbanki hafi tvær mögulegar leiðir til að öðlast beina aðkomu að félaginu. Annars vegar með því að fá samþykki allra hluthafa félagsins og eignast félagið að fullu eða hins vegar að Kreditkort og Samkeppniseftirlitið komist að samkomulagi um að falla frá hluta skilyrðanna.

[...]

Í þeim tilgangi að eignast Kreditkort að fullu gerði Íslandsbanki öllum öðrum hluthöfum í félaginu sambærilegt tilboð þar sem kaupverð skyldi greitt með hlutum í Borgun hf. Íslandsbanki hafi nú tryggt sér [...] % af hlutafé félagsins eftir að hafa skrifað undir kaupsamninga við 11 af 12 hluthöfum félagsins. Kaupsamningarnir sé þó með tveimur fyrirvörum:

---

<sup>1</sup> Fellt niður vegna trúnaðar. Sama á við um texta innan hornklofa á öðrum stöðum í þessari ákvörðun.



1. Að samþykki Fjármálaeftirlitsins og Samkeppniseftirlitsins fáið fyrir eigendaskiptum að hinu selda sem og eigendaskiptum að kaupverðinu;
2. Að allir aðrir hluthafar Kreditkorts samþykki sölu á hlut sínum til kaupanda fyrir 30. apríl 2011, eða að Samkeppniseftirlitið falli frá skilyrði sínu um stjórnarsetu í sátt vegna rannsóknar á brotum Kreditkorts hf., dags. 19. desember 2007.

[...]

Þá segir að Íslandsbanki hafi gefið út að forsenda fyrir viðskiptunum sé að bankinn geti skipað aðila í stjórn sem séu tengdir bankanum og með því skapað grundvöll til ákvarðanatöku um framtíð Kreditkorts. Því fari Kreditkort þess á leit við Samkeppniseftirlitið að fallið verði frá ofangreindu ákvæði 3. gr. í sáttinni um óhæði stjórnarmanna eða að það verði útfært með öðrum hætti þannig að Íslandsbanki nái fram markmiðum sínum með hagsmuni félagsins að leiðarljósi svo unnt sé að tryggja félaginu eðlilegan rekstrargrundvöll.

Samkeppniseftirlitið átti fund með fulltrúum Kreditkorts þar sem þeim gafst tækifæri á að skýra nánar frá stöðu félagsins og breytingu á eignarhaldi þess. Einnig var haldinn fundur með fulltrúum Íslandsbanka um sama efni og um sjónarmið bankans um skipan í stjórn Kreditkorts.

## II.

### Niðurstaða

Eins og fram kemur í erindinu eru fyrirvarar í kaupsamningum um að Samkeppniseftirlitið samþykki eigendaskiptin og að Samkeppniseftirlitið falli frá skilyrði sínu í sátt vegna rannsóknar á brotum Kreditkorts, dags. 19. desember 2007 um takmarkanir á skipan stjórnar félagsins. Tilvitnað skilyrði er samhljóma skilyrði sem fram kemur í 3. tl. 1. mgr. 2. gr. ákvörðunarorða í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2008 og beinist að Kreditkort. Eftir eigendaskiptin mun Íslandsbanki verða eigandi að [...]% hlutafjár í Kreditkort en fyrir átti bankinn 55,00% í félaginu. Eigendur félagsins eftir breytinguna eru aðeins tveir, báðir fjármálafyrirtæki.

Vegna breyttra forsendna sem m.a. felast í yfirgnæfandi eignarhaldi Íslandsbanka í Kreditkort og að eigendur eru nú aðeins tveir hefur Samkeppniseftirlitið ákveðið að taka til endurskoðunar 3. tl. 2. gr. ákvörðunarorða í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2008, *Brot Greiðslumiðlunar hf., Kreditkorts hf. og Fjölgreiðslumiðlunar hf. á bannákvæðum samkeppnislaga*.

Skilyrði þau sem fram koma í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2008 eru viðbrögð við m.a. langvarandi og mjög alvarlegu ólögmetu samráði á hluta fjármálamarkaðarins. Í ljósi umræddra breytinga á eignarhaldi á Kreditkort telur Samkeppniseftirlitið forsendur til þess að breyta 3. til. 1. mgr. 2. gr. ákvörðunarorða í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2008. Að öðru leyti er 2. gr. í ákvörðunarorðum ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2008 óbreytt.



### III.

#### Ákvörðunarorð:

**„Ákvæði 2. gr. ákvörðunarorða ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2008 Brot Greiðslumiðlunar hf., Kreditkorts hf. og Fjölgreiðslumiðlunar hf. á bannákvæðum samkeppnislaga er breytt þannig:**

**3. tl. 1. mgr. 2. gr. hljóði svo:**

**Stjórnarmenn Kreditkorts skulu ekki vera meðal starfsmanna eða stjórnarmanna hluthafanna, annarra en Íslandsbanka hf., eða meðal starfsmanna og stjórnarmanna félaga undir beinum eða óbeinum yferráðum hluthafanna, annarra en Íslandsbanka hf., svo lengi sem fleiri en eitt fjármálafyrirtæki er meðal hluthafa. Sama gildir um þá sem eru makar umræddra stjórnarmanna og starfsmanna, skyldir þeim eða mægðir í beinan legg eða systkini þeirra.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson